

Fimmtudaginn 18. október 1979.

Nr. 186/1979. Ákærvaldið

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. október 1979, sem barst Hæstarétti 16. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. október 1979.

Ár 1979, mánudaginn 15. október, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómarara.

Bjarni Leifur Pétursson, Njálsgötu 20, er undir rökstuddum grun um, að hann hafi brotið gegn 252. gr. alm. hegningarlaga með því að ráðast á Svein Viðar Stefánsson síðdegis sl. laugardag og slá hann niður og hafa í félagi við Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, Jörfabakka 28, slegið eign sinni á allt að 120.000 kr., er Jóhann Maríus Kjartan hafi tekið af Sveini Viðari, meðan á árásinni stóð.

Bjarni kannast við árásina, en kveðst einungis hafa tekið við 5.000 kr. hjá félaganum sínum og viti ekki til þess, að svo mikið fé hafi verið tekið af Sveini Viðari, sem hann telur.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Bjarni verði

úrskurðaður í gæsluvarðhald til 24. þ. m., og þykir skv. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 rétt að taka kröfu þessa til greina.

Úrskurðarorð:

Bjarni Leifur Pétursson sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 24. þ. m., klukkan 1700.

Föstudaginn 19. október 1979.

Nr. 208/1977. Loftleiðir h/f

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Verzlunarbanka Íslands h/f

(Hafsteinn Sigurðsson hrl.).

Tékki. Fölsun. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1977. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 200.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 15. maí 1974, en með 16¾% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bæði í héraði og fyrir Hæstarétti hefur stefndi haft uppi þá málsvörn, að áfrýjandi hafi ekki varðveitt með trygglegum hætti tékkaeyðublöð sín og tékkavél þá, sem notuð var við ritun hins falsaða tékka. Vegna þeirrar vanrækslu verði áfrýjandi að hlíta skuldfærslu tékkafjánhæðarinnar á ávísanareikning sinn hjá stefnda, þó að tékkinn hafi reynst fals-